

hálsa hörundshvíta. Og bringa hafsins hófst, eins og hlátur byggi í djúpinu.

Hæ, hó! hvein vestan-vindurinn, þegar hann náði skóginum; og svo sentist hann frá einu tré til annars, lagðist á greinarnar með öllum sínum þunga og suðaði uppi í trjátoppunum, eins og sjávarhljóð. Og græna, þykka barrið á stóru gröninni bylgjaði eins og grasið á velsprottnu túni, og þótti hún þá mikil og fögur.

Hún skal standa þarna eins og minnisvarði okkar, þegar við erum dauðir, og börnin okkar skulu vernda hana, sögðu menn þá.

Svo liðu nokkur ár, og akur kom þar sem skógurinn hafði verið.

Grönin stóð enn þá óhöggud og börnin léku sér kring um hana og vestan-vindurinn með sjávarseltuna þaut uppi í liminu, og börnin sögðu, eins og þau höfðu heyrt fullorðna fólkið segja: „Það er eins og veðurhljóð í fjöllum.“ Og svo sögðu þau söguna af henni Blákápu og honum Rauðstakk sem bjuggu í fjöllum. Svo tóku þau höndum saman og dönsuðu í kringum stóru eikina og sungu:

Loft er blátt og ljósvarmt svið,
lóukvak á fjöllum,
veðurhljóð með vatnanið,
vor í dölum öllum.
Eins og væri efsta brún
er um lægsta hjalla
hýrt og bjart. En hver er hún —
hún, sem er að kalla?

En svo horfði Hagsbótavonin lengi til jarðar, og svo lengi tjaldaði minnið um sig markaðstöflum, að börnin hættu að heimsækja grönina gömlu. Þeim þótti það nú eitthvað skemtilegra og líkara því sem þau sáu aðra gera, að tína saman kálblöð og gefa þau litlu grísunum, heldur en gömlu leikirnir